

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 01 - 2021

Staður: TEAMS

Tími: Þriðjudagur 26. janúar 2021

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ágústa Rut Haraldsdóttir, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Halldór Þorgeirsson, Hrönn Jörundsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson (ritar) og Jón Kristófer Arnarson.

Gestir fundar: Erla Sturludóttir, Jóhannes Guðbrandsson, Anika Sonjudóttir og Hrannar Smári Hilmarsson kynntu rannsóknarverkefni sín undir lið 3.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar rædd, lagfærð og samþykkt.

2. Persónuverndarstefna

Persónuverndarstefna Lbhí var rædd í háskólaráði á fundi í nóvember. Lögð fram með breytingum í samræmi við umræður þess fundar og samþykkt.

3. Kynning á rannsóknaverkefnum

Erla Sturludóttir, Jóhannes Guðbrandsson (PostDoc) og Anika Sonjudóttir (doktorsnemi) kynntu rannsóknarverkefnið Fiskveiðar til framtíðar sem hlaut öndvegisstyrk Rannís til þriggja ára, að upphæð 150 milljónir króna. Erla Sturludóttir Lbhí og Gunnar Stefánsson HÍ stýra verkefninu. Verkefnið snýst um hvernig hægt sé að beita vistfræðilegri nálgun við fiskveiðistjórnun með notkun vistkerfislíkana.

Hrannar Smári Hilmarsson kynnti jarðræktarrannsóknir við Lbhí. Þessar rannsóknir hafa verið og verða áfram í uppbyggingarferli. Miklar framfarir hafa orðið síðustu árin hvað varðar tækni við þessar rannsóknir. Reitasláttuvél var keypt árið 2017 sem var gríðarleg framför. Sömuleiðis var reitasáningarvél tekin í notkun árið 2019, og reitabreskivél árið 2020. Jarðræktarmiðstöð er í uppbyggingu á Hvanneyri. Mikið og gott samstarf er við bændur víða um land, sömuleiðis við RML.

4. Framtíðaráætlanir / uppbygging innviða - kynning og umræða

Lbhí hefur lagt áherslu á uppbyggingu innviða að undanfögnu. Keypt hafa verið ýmis tæki til rannsókna, kennslu og reksturs, m.a. kolefnistæki, dróni, sópvél, eltimyndavél í reiðkennslu á Mið-Fossa, jarðvegsþjappa, fjölnota sláttuvél, og búnaður til kennslu í skógfræði og tengdum greinum. Starfshópur um uppbyggingu Jarðræktarmiðstöðvar hefur verið að störfum og er unnið að gerð teikninga og aðkomu stjórnvalda. Nýr rekstrarstjóri fasteigna vinnur teiknivinnuna. Þessi vinna tengist einnig umræðu um Mið-Fossa. Skólinn fékk 3 nýja rafmagnsbíla afhenta um áramótin. Samkeppni er áformuð um hönnun lóðar/sundlaugargarðs við skólahús (Ásgarð) á Hvanneyri.

5. Starfsmenntanám í garðyrkju – undirbúningur samnings við FSu og MNR - kynning

Tveir fundir hafa verið haldnir með MNR og FSu og gögn hafa verið tekin saman og send FSu. Fundur hefur verið haldinn á Reykjum til að upplýsa um stöðu mála. FSu er að vinna sína þarfagreiningu



varðandi starfsmenntanámið og yfirfærslu þess og hafa fulltrúar skólans skoðað aðstæður á Reykjum. Lbhí vinnur þarfagreiningu varðandi rannsóknar- og nýsköpunarverkefni sem nýta aðstöðu á Reykjum og starfsmenn Lbhí munu vinna að. Lögð er áhersla á að vinna málin hratt til að eyða óvissu fyrir bæði nemendum og starfsfólki.

Jón Kristófer gerði grein fyrir því að aðkoma starfsmanna að breytingarferlinu hafi fram að þessu eingöngu falist í mætingu á áðurnefndan fund á Reykjum. Hann telur vænlegra til árangurs að húsráðendur á Reykjum í framtíðinni verði tengdir starfsmenntanáminu.

Ragnheiður segir þarfagreininguna er varðar starfsmenntanámið í höndum FSu og að mikilvægt sé að sú vinna sé unnin með starfsfólki á Reykjum. Þríhliða samningurinn verður á milli Lbhí, FSu og MNR. Jón telur heppilegra að starfsfólk á Reykjum komi að samningagerðinni sem fjórði aðili. Jón upplifir fyrstu skrefin í breytingarferlinu þannig að ekki sé verið að tryggja aðkomu starfsfólks, og að traust skorti milli aðila. Háskólaráð leggur áherslu á að óháður aðili verði fenginn til að leiða breytingarnar og að lögð verði áhersla á að hlúa að starfsfólki í þessu ferli, hlusta á sjónarmið þess og tryggja góða miðlun upplýsinga.

6. Mál til fróðleiks og næsti fundur

MNR hefur samþykkt ársáætlun Lbhí vegna 2021.

Fæðuöryggisskýrslu hefur verið skilað til ANR. Jóhannes Sveinbjörnsson gerði stuttlega grein fyrir henni.

Heilsuverndarstefna hefur verið samþykkt af framkvæmdastjórn.

Franklin Covey námskeið hafa verið í gangi, bæði stjórnendanámskeið og 7 venjur til árangurs sem opið er fyrir alla starfsmenn.

Unnið er að gerð loftslagsstefnu og fékk skólinn drög frá nemendum í námskeiðinu “Corporate Environmental Management” við Háskóla Íslands.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 24. febrúar kl. 12:30.

